

Bonheda!  
Lkl. 1986.

Það verður að segjast alveg eins og ér, að allt frá því að ég asnaðist til þess að segjast munu tala hér í kvöld, hef ég ekki haft einustu hugmynd um hvað ég ætti að segja. Það var ekki einu sinni svo gott að ég vissi hvort ég ætti að halda ræðu, því þegar ég sagði við þetta ljómandi þrístirni, sem skipulagði þetta stefnumót: nú já, svo þið viljið fá ræðu, þá sögðu þær hver í kapp við aðra: ja ekki kannski beit ræðu! Svo ég eiignlega hef alls ekki vitað til hvers var atlást af mér. Og ekki heldur vitað hvurs lags samkoma þetta ætti ða vera, en sú vitneskja er líklega undirstaða þess að maður viti hvað skal segja ekki satt?

EG hef enn þá ekki hugmynd um hvort hér er um að ræða síðustu kvöldmáltíðina sem markar enda Kvennaframboðsins, í hvaða tilfelli ég ætti þá að bera hér fram einhvers konar eftirmáli - eða hvort um er að ræða gloðikvöld í enni sérstöku tilfölni öðru en því að við erum enn þá til - í hverju tilfelli ég ætti þá víst að halda fyndna og sniðuga borðræðu - eða hvort hér væri á ferðinni byrjun á einhverju nýju og þá ætti ég líklega ða halda barátturæðu.

En sem sagt, mig skorti allar forsendur itl að semja ræðu - eða tölu eða hvað það nú er sem þrístirnið vill fá, eða öllu heldur, skilgreiningarnar voru koki á hreinu. Það vantaði sem sagt skilgreiningu á samkomunni. Eins og okkur er gjarn, þá byrjaði ég - í nótt þegar ég settist niður við að semja, á því að kenna sjálfri mér um, ég væri svo hugmyndasnauð og vitlaus og líklega væri best að hringaj í þrístirnið og segjast ekki geta þetta. En ég er ekki í Kvennaframboðinu fyrir ekki neitt! Fyrsta reglan, sem ég hlaut að fara eftir, var að kenna ekki sjálfri mér um, reka samviskubitið út á ystu sjónarrönd

2.

og finna annan sökudóla. Ekki fannst mér bó réttlátt að kenna öðrum konum, þ.e. þristirnu, um þetta óviðræðanlega andlcysi - þetta hlaut að vera körlum að kenna eins og allt annað. Nú átti ég hins vegar mjög erfitt með að rökréttu fyrir jsálfri mér hvenig karlar gætu á nokurn hátt tengst kvöldmáltsíð Kvennaframboðsins - nema hvað líklega byggðu þeir þetta hús og olduðu jafnvæl matinn, en þrátt fyrir það fannst mér, þrátt fyrir allt sem ég haf lært í Kvennaframboðinu erfitt að finna skýrirngu á því að það væru karlveldinu að kenna að ég gæti ekki komið saman miðum. Nú vorð ég að viðurkenna á mig eins okt: nefnilega þá að ég ákvað að taka mália til vísindalegrar og rökhygnar athugunar. Mér er það ljóst að vísindi og rökhyggja eru hvoru tveggja afsprengi karlveldisins, hafa verið karlstýrð frá upphafi og vísindalög aðferð tapast viðcigandi svo gegnri Kvennaframboðskonu og mér. En eins og konan sagði, if you cannot beat them, join them. Rökleiðslan var á þennan hátt: Staðrcynd: skortur á skilgreiningu - á því hvers konar kvöldmáltsíð þetta er - kemur í veg fyrir að ég get skrifaeð ræðuna. Staðrcynd Tungumálið og þar með skilgreiningar á því er skapað af körlum. Staðrcynd C : Konur eru að endurskilgreina allt milli himins og jarðar út frá sjónarhóli kvenna. Niðurstaða: ég þarf að endurskilgreina þau orð, sem mér standa til boða til að skilgreina semkvæmið. Orðin sem ég hafði til umræða voru þessi: endir, byrjun, almann gleði.

Þetta reyndist létt erk og löðurmannlegt. Tökun orðið að byrja í samhenginu er Kvennaframboðið að byrja á

### 3.

cindhverju? Galdurinn við að endurmeta merkingu orðsins er einfaldur, kona setur orðið í samhengi síns eigin reynsluheims.

Eg minnits þess þegar ég var u.p.b. 18 ára, að hafa legið á bæn - að svo miklu leyti sem mór var það mögulegt að liggja á bæn - og beðið til Guðs af allri þeirri ástríðu sem ég gat safnað í hljóminn: Góði guð, láttu mig byrja.

Láttu mig byrja í nótta cða í fyrramálið, góði guð þegar óg vak vakna í fyrramálið, láttu mig vera byrjaða.

Nú virum við auðvitað allar að ég meinti alls ekki byrja. Eg varð hins vegar að biðja til guðs á því tungumáli, sem hann skildi, því í þá daga hélt ég enn að Guð væri karl. Það sem ég sjálf átti við var auðvitað allt annað. Eg átti við: góði guð Láttu mig ekki vera óljéttta, góði guð láttu mig ekki vorða einstræð móður 18 ára, láttu mig ekki þurfa þa segja honum að ég sé orðin óleitt, látt mig ekki þurfa að heyra hann segja - kennski - , jæja góða og hvað kemur mér það við.

Sem sagt, orðið að byrja hafði allt aðra merkingu í samtali mínu við guð en það hafði í mínum eign huga. Eg var nú svo ung þegar þetta var að ég heit vist enn að það væri itl prívat tungumál og vissi ekki að um alan heim eru konur sem vita þetta eins vel og ég. Nefnjilega ða orðið að byrja þýðir allt annað fyrir okkur en stendur í orðabókum, fjöldum eða í hugsanlegum skilgreiningum á tilefni þessa kvölds.

Og hið sama gildir um að enda. Af því að við sitjum nú hér undir horðum, há er ágætt að taka dæmi af endi og byrjun þessar kvöldmáltíðar. Það stendur ienhvers staðar skrifað að hún byrji kl. 20.30. Það er auðvitað alröng skilgreining.

Fyrir mér byrjaði hún t.d. í fyrradag þegar ég fór að reyna

að verða mér úti um barnapíu. Fyrir ykkur byrjaði hún lílega á allt öðrum tíma. Og það sama gildir um endinn. Einhver kynni að ætla ða þessi máltaði endi þegar við göngum héðan út á eftir en það er líka vitleysa. Eg á t.d. eftir ða fra heim og borga barnapíunni og í næstu viku þarf ég að vinna mér inn peninga fyrir þessum mat og barnapössuninni. Og fólkisem á eftir að vaska upp og ganga frá - hvenær endar þessi máltað fyrir þeim. Svo þið sjáð af þessu öllu að auðvitað er það alröng skilgreining á byrjun og endi, sem hér er haldið á lofti, skriflega eða munnelega.

Niðurstaðan af þessum vanfaveltum var sem sagt sú, að þessi orð, byrjun, endir, hvorugt, í samhenginu er Kvennaframboðið að enda, er Kvennaframboðið að byrja, er Kvennaframboðið að vera - hafa enga merkingu eða öllu heldur, sú merking sem ég í einhverjum fótaskorti á hugmydnafræðinni tók sem góð og gild, nægðu engan vegin fyrir þetta ágæta tilefni.

Þetta var mjög fróðleg niðurstaða ~~á~~ aðferðum karlaveldisins í vísindaskyni en eins og svo margt annað af sama bæ, gerði hún mér akkúrat ekkert gagn því ég var engu nær um það hvað ég ætti að segja fyrir utan það að segja frá þessum rannsóknum.

Þá greip ég til annars ráðs, sem mér þótti mjög í anda hugmyndafræði okkar. Eg ákvað að gefa skít í ríkjandi skilgreiningar og ríkjandi ásigkomulag yfirhöfuð og leggja fram mína eigin utopíu. Að leggja fyrir sjálfa mig draumatillöguna á mínum eigin og privat forsendum. Sú tillaga var að ég skyldi flytja drápu, sem gerði allt í senn, kveðja, heilsa, tala fyrir minni okkar og allt annað sem möguleg væri hægt að segja á svona samkomu, sem ég vissi ekki hver í rauninni væri.

5

mér leist vel á þessa tillögu mína. Hún hafði að vísu þann eina galla að ég er ekki skáld en það skipti ekki máli. Því á þessu stigi málsins var ég orðin svo hrifin af rannsóknum mínum á skilgreiningu orðanna, að ég eygði aðeins eina leið í drápusmíðinni, sem gæti samræmst þeirri kenningu að allt sem karlar segja og semja, hafi lítla sem enga merkingu innan veggja reynsluheimsins og að við þurfum að endursemja og skilgreina allt það sem þeir hafa látið sér um munn fara. P.e.a.s. til þess að vera sjálfri mér samkvæm sem sannri feministu, yrði ég að stela frá karlskáldum og endursmíða svo það félli eins og flís við þennan fund.

Til frekari staðfestingar leitaði ég uppi þrjú ólík skáld, skáld frá þremur tímabilum sem yrkja hvert undir sínum hættinum. En áður en ég lýk máli mínu á þessari þríþátta drápu, ætla ég að þakka ykkur þolinmæðina og gott hljóð undir öllu þessu sem ber auðvitað með sér að ég hef afskaplega lítið að segja. Niðurstaðan er því sú að allt er í heiminum hevrfult, guði sé lof - ekki síst skilgreiningarnar á því hvar við séum staddir sem hópur.

Skáld er ég ci, en skommtinefndin kallar  
og skylden bíður mér að segja já  
**1** við því að mæla meðan kvöldi hallar  
og matir þjónar hlaupa til og frá,  
þar sem að kátar konur matinn allan borða  
og knífa úr glösum mikinn drykkjaforða.

**2** En - hvers er að minnast, hver skal mæðan vera?  
Hlæjum við ár, sem fara vist seint úr huga?  
Hvers er að bíða - hvað mun framtíð bera  
hugum vorum svo þeir megi duga  
okkur til - allt um karlaveldi  
að hópa hvergi uns ævidags er að kveldi.

(3) Hvar hafa dagar framboðsins tölunni týnt  
og tíðu fundirnir löngu, er sáum við nötur?  
Hvar urðu þeir önnur að bráð, þú kona er þig hugðir  
borna með baráttugleðinnar  
eigin botnlausa brunn þér í huga?

Við svofelldar ásökun cinnar,  
sem hugsandi þó lattur falla  
á samkomu - eða sem virðist  
vinkona hvísla í eyra  
dettur oss, c.t.v. þreyttum, eitt augnablik  
dofinn úr stirðnuðum línum.  
Og tómahljóð tíundarsjóðsins glymur í eyrun  
og fámenningar fundirnir virðast oss veði.  
Og eitthvað, er samvisku líkist, á augnaloðin andar  
þá áttum við okkur til hálfs og við kvöldverðarborðið  
hrópar í samkomusalnum  
vor sál:  
Skál!

(4) Því þrátt fyrir allt og svo lengi sem vináttan vakir  
oss vermir þó altént enn  
hér sem við sitjum  
eitthvað því líkt sem komið sé sólskin í vindinn  
eitthvað því líkt sem syngi vort blesaða framboð  
úr glasaglauminum hérna  
og allt um allt  
viljum við ekki  
slíta á böndin  
hér - ó,hér!

En —

Hvað er í heimi, stelpur, byrjun og endir?  
Hugsanir karla, sem færa okkur engu nær!  
Er ekki framboðið vort það ervendir  
vondum og úreltum kymðum í kross, og ljær  
sérhverju örði alnýja merkingu - og uxum  
við ekki einna best af þeirri hugsun

að skilgreint er skrafið karla  
í skiptið eitt fyrir öll.  
Straumar og stjórnálastefnur  
stjóki því þótt um völl.

Og konur verða á kostum,  
kátar með pilsagný  
að kynda kátt undir frelsi  
og kveða allt upp á ný!